

Nr. 149 / 11 Hrafn GK 111

Skipverji slasast á andliti

Skipaskr.nr. 1628
Smíðaður: Akureyri 1983 stál
Stærð: 680,3 brl. 1067 bt.
Mesta lengd: 61,76 m Skráð lengd: 58,56 m
Breidd: 9,76 m Dýpt: 6,74 m
Vél: Wichmann 1472 1982
Fjöldi skipverja: 27



Hrafn ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 3. febrúar 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Jóhanni Ársælssyni Pálma K. Jónssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 11. október 2011 var Hrafn GK 111 á togveiðum á SV miðum. Veður: N 5 m/sek, ölduhæð 1,5 m.

Skipverji var að þrifa með háþrýstibúnaði en við það rak hann stút á byssunni í andlitið með þeim afleiðingum að hann fékk skurð vinstra megin á nef.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.